

sjúkdómi, og aðrir læknaþ hefði ekki getað ráðið neina bót á. Vér skýrðum líka frá því, að doktor Point hefði notað einhverja dularfulla aðferð við lækningu sína, og hefir hann sjálfur kannast við, að svo væri, og jafnvel auglýst það í dagblöðum þorpsins. Af þeirri ástæðu, að vér vorum þá í dálitlum vafa um það, hversu helztu leiðandi menn hér í „Clay Creek Village“ mundu líta á þessar nýjungar, þá létum vér ekki álit vort í ljós. Nú höfum vér sannfrétt, að rannsókn hafi verið hafin í þessu máli, og doktor Point sakaður um, að hafa haft fjölkyngi í frammi. Vér höfum fyrir satt, að þeir, sem mest og bezt hafa hrundið þessari rannsókn af stað eru leiðandi menn í söfnuði séra Sleet Fromwest. Hvort séra Sleet Fromwest hafi sjálfur átt beinlínis þátt í því, að slík rannsókn var hafin, er oss ekki kunnugt, en vér hikum oss ekki við að fullyrða, að hans kærleiksríku kenningar og ljúfu leiðbeiningar hafi borið svo góðan ávöxt, að safnaðarlimir hans sé komnir á svo kristilega og siðferðislega hátt þroskastig, að þeir finni til þess, hversu hneykslanlegar lækningatilraunir doktor Points eru. Vér getum fullvissað lesendur „To LET'S“ um, að svo lengi sem helztu menn í „Clay Creek“ þorpinu gjöra sitt ítrasta til, að kæfa niður slíka aðferð, þá leggjum vér þeim liðsinni vort af ítrasta megni. Eins og vér höfum ætíð haldið því fastlega fram, þegar um andleg málefni er að ræða, að skynsamleg og vísindaleg röksemdaleiðsla eigi að víkja úr vegi fyrir viðtekinni siðvenju og óbifanlegri trú á bókstafinn, svo höldum vér því líka fram, þegar um versleg málefni er að ræða, og ekki sízt, þegar slík málefni eru viðvíkjandi lækningum, þar sem jafnvel um líf manns er að tefla, að þá eigi að eins að nota þau meðöl og þær aðferðir, sem hver maður með meðal gripsviti getur fyllilega skilið.“

Eg lagði af stað heim til mín úr „Clay Creek Village“ með næstu eimreið.

---